


LAXRÆKT Í HAMARSÁ Á VATNSNESI

Tumi Tómasson



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild

LAXRÆKT Í HAMARSÁ Á VATNSNESI

Tumi Tómasson

┌ Hólum, september 1991

VMST-N/91011X┐



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## LAXRÆKT Í HAMARSÁ Á VATNSNESI

### INNGANGUR

Hamarsá á upptök sín á Vatnsnesfjalli en fellur lengst af um Hlíðardal sem nú er í eyði. Þar sem áin kemur niður af dalnum fellur hún í allmiklu gili á um 1.8 km kafla. Í gilinu eru margir fossar og er ólaxgengur foss um 1.5 km fyrir ofan ós árinna sem er í Miðfirði. Fremur lítið hefur veiðst af laxi í ánni á undanförunum árum eða jafnvel áratugum, og stundum hafa liðið eitt eða fleiri ár án þess að nokkur lax hafi veiðst í ánni. Töluvert hefur verið lagt fyrir sjóbleikju nálægt ósum árinna ef undan eru skilin tvö undanfarin sumur, þ.e. 1990 og 1991. Veiðirétt í ánni eiga m.a. bæirnir Sauðadalsá og Sauðá. Sumarið 1991 hefur verið betri laxveiði í ánni en verið hefur í langan tíma og yfir 20 laxar komið á land.

Í ágúst 1988 voru könnuð skilyrði til laxaræktar í Hamarsá að frumkvæði Baldurs Heimissonar á Sauðadalsá sem þá stundaði nám á fiskeldisbraut fjölbrautaskólans á Kirkjubæjarklaustri. Ástand seiðastofna árinna var síðan kannað aftur í ágúst 1990 og 1991.

### UPPELDISSKILYRÐI FYRIR LAX Í HAMARSÁ

Hamarsá er dragá. Framantil heitir áin Dalkotsá en eftir að Tungukotsá og Guðdalsá sameinast henni heitir hún Hamarsá (Mynd 1). Halli árinna er töluverður, yfirleitt 30-50 m/km. Hún er því víðast með góðum straumi og grýtt í botninn, en það er einmitt við slík skilyrði sem lax þrífst best, sé vatnshitinn ekki of lágur og fæðuframboð takmarkað. Í gilinu geta orðið ruðningar og botnskrið sem rýrir heldur framleiðslugetu svæðisins, en ofar er botninn stöðugri. Í gilinu eru margir fossar og flúðir sem mynda djúpa hylji þar sem fullorðinn lax getur leitað athvarfs. Neðantil er áin um 20 m á breidd, en þar sem árnar þrjár falla saman er hún um 8 m.

Til að fá gleggri hugmynd um möguleika árinna sem laxveiðiár

voru seiðastofnar hennar kannaðir með rafveiðum í ágúst 1988.

#### NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA OG ÁRANGUR SEIÐASLEPPINGA

Í ágúst 1988 var rafveitt á fjórum stöðum, neðarlega í ánni fyrir ofan brúna (staður 1), á tveimur stöðum ofar í gilinu (staður 2) og um 1 km fyrir ofan Ólaxgenga hindrun fyrir ofan vað sem er þar á ánni frammi á dalnum (staður 3). Þessir veiðistaðir eru merktir inn á kortið (Mynd 1). Í rafveiðunum veiddust einungis seiði á neðsta staðnum og þar var stofninn mjög gisinn. Þarna voru tveir árgangar laxaseiða, úr klaki 1985 og 1986 og var síðari árgangurinn mun lakari en sá fyrri. Ég tel líklegt að einungis eitt þar hafi hrygnt hvort árið. Ekki fundust nein seiði annarra tegunda.

Vöxtur seiðanna var góður (Mynd 2) og fyllilega sambærilegur við það sem gerist á kjörsvæðum laxins í þessum landshluta. Eflaust á lítill ásetningur þar stóran þátt, en þetta benti til að ónógur hrygningarstofn væri orsök lítillar laxgengdar fremur en slæm uppeldisskilyrði. Ég taldi því ráðlegt að sleppa seiðum þetta haust og þar með fá betri mælikvarða á framleiðslugetu svæðisins og reyna að byggja upp sterkari stofn í ánni.

Haustið 1988 var sleppt um 6500 seiðum af Miðfjarðarárstofni í ána og var þeim dreift frá ósi og fram á dal, um 2 seiðum á hverja 3 lengdarmetra. Haustið 1989 var sleppt um 3000 seiðum fram á dalnum í sama þéttleika og árið áður.

Í ágúst 1990 var afkoma seiðanna könnuð með rafveiðum. Seiðin úr báðum sleppingunum höfðu dafnað mjög vel. Mest fékkst af seiðum neðantil í ánni, þar sem gljúfrið endar og fyrir framan gilið (Mynd 2). Í gilinu sjálfu var seiðapéttleikinn lítill. Seiði úr sleppingunni 1989 fundust í gilinu og á stað 1, í litlum mæli þó. Ef við gefum okkur að veiðin sé um 50% (sem er algjört hámark við þær aðstæður sem þarna eru), þá voru tæp 70% seiðanna sem sleppt var 1988 á stað 1 og tæp 50% á stað 3.

Líklega er þessi mikli fjöldi á stað 1 afleiðing af flutningi seiða niður gilið, því í gilinu var þessi tala einungis um 20%. Um 70% af 1+ seiðum, þ.e. seiðum sem sleppt var 1989, voru enn á stað 3. Vöxtur seiðanna var mjög góður, ekki síst þegar tillit er tekið til að 1989 og 1990 var vorið seint bæði árin og sumrin fremur köld.

Í veiðunum 1990 fundust engin seiði úr náttúrulegu klaki í ánni og þar hefði því ekki komist upp náttúruklak í fjögur ár í röð, 1987-1990.

Haustið 1990 voru fengnar 4 hrygnur úr Miðfjarðará og sá Baldur á Sauðadalsá um að kreista þær seinna um haustið og grafa hrognin. Klaklaxinn var geymdur í búri í mjög köldum læk og hrognin þroskuðust því seint í fiskinum. Hrogn voru grafin á fjórum stöðum og í rafveiðum 1991 kom í ljós að þessi aðgerð hafði einungis heppnast á einum stað. Þarna fékkst þó reynsla sem byggja má á síðar.

Við rafveiðarnar í ágúst 1991 kom í ljós að sleppingin frá 1988 var öll gengin út, og reyndar er líklegt að hluti hennar hafi farið út sumarið 1990. Seiðin úr sleppingunni 1989 sem enn voru í ánni voru mjög stór og væn og munu að líkindum allflest ganga til sjávar næsta vor. Engin seiði úr þessari sleppingu fengust í gilinu, þau seiði sem farið höfðu niður ána voru öll neðarlega í henni. Þetta bendir til að óstöðugt umhverfi í gilinu takmarki möguleika þess til seiðaframleiðslu.

#### ÁLYKTANIR

Allt bendir til að hagkvæmt geti orðið að rækta upp lax í Hamarsá. Í sumar veiddust þar yfir 20 laxar og eru þeir líklegast úr síðasta náttúruklaki í ánni 1985 og 1986 og að einhverju leyti úr sleppingunni 1988. Það er þó ljóst að á bak við þessa veiði stendur einungis lítill hluti af framleiðslugetu árinna og það, ásamt því að laxgengd og laxveiði í Húnavatnssýslum var almennt slök 1991, bendir til að þarna megi koma upp laxveiði sem í meðalári ætti að geta

orðið um eða yfir 100 laxar, með því að nýta til fulls framleiðslugetu árinna. Það er þó aldrei á vísan að róa þegar laxinn er annarsvegjar, en ég tel það fyllilega réttlætjanlegt að leggja vinnu og fjármagn í að kanna möguleika til laxveiði í Hamarsá til þrautar.

Næsta sumar má reikna með verulega aukinni laxgengd í Hamarsá og næsta vor mun áin framleiða töluvert af gönguseiðum. Að öllu óbreyttu yrði gönguseiðaframleiðslan nánast engin 1993. Ef vinna á upp markað fyrir stangveiði í Hamarsá þarf að tryggja samfellu í gönguseiðaframleiðslu. Þess vegna var nú í haust sleppt um 5000 seiðum í ána frá ósi og fram á dal.

Mér sýnist að einnig verði að sleppa seiðum næsta sumar, en síðan þyrfti að meta hvað best væri að gera í stöðunni. Það fer eftir því hvernig lítur út með veiðina og hvort og hvernig tekist hefur til með náttúruklak. Miðað við seiðasleppingar upp í 250-280 metra yfir sjó mætti sleppa 5000-7000 seiðum árlega fyrir framan fossa en kostnaður við það er um 150.000 krónur á núvirði.

Jafnframt ætti að stuðla að náttúruklaki í ánni og reyna að fara með klakfisk fram fyrir fossa eða grafa þar frjóvgró hrogn.

Miðað við að hægt sé að selja 60-70 veiðidaga í ánni árlega, hámarksafli á stöng 2 laxar/dag og leyfið 5000-6000 krónur dagurinn gætu heildarveiðitekjur orðið 300-400 þúsund á ári en til að ná því marki þarf að vinna markvisst og skipulega. Það er ljóst að seiðakaup fyrir 100-200 þúsund á ári er hæpin fjárfesting ef hennar er þörf ár hvert. Betra væri að landeigendur færu með klakfisk fram á dal eða reyndu að ná tökum á hrognagreftri þannig að tekjur af veiðinni sem varið yrði til ræktunar yrðu aðallega vinnulaun landeigenda.


Til að stuðla að góðri markaðssetningu árinna þarf að gera kort yfir ána, lýsa leiðum að henni, merkja veiðistaði og skrá nákvæmlega fjölda veiðidaga og veiðina. Til þessa sendi ég með þar til gerða veiðibók. Einnig væri gott ef hægt væri

að afla hreistursýna af veiddum löxum til að auðveldara sé að átta sig á þróun veiðinnar og laxræktarstarfinu.

Miðað við núvirði á seiðum og hrognum má ætla að á árunum 1988-1991 sé kostnaður landeigenda orðinn u.þ.b. 400-500 þúsund krónur. Gera má ráð fyrir að kostnaður við seiðasleppingar, aðrar laxræktaraðgerðir og markaðssetningu veiðinnar gæti numið um 350.000 kr. næstu tvö árin. Þetta yrði þó væntanlega einungis svona dýrt í byrjun, en síðan yrði að vinna að laxrækt á ódýrari máta eins og getið er um hér að framan.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m<sup>2</sup> í Hamarsá á Vatnsnesi 1988-1991.

Stöð nr	Stærð m <sup>2</sup>	Fjöldi veiddra seiða á 100 m <sup>2</sup>			
		0+	1+	2+	3+
<b>14/8 1988</b>					
1	60x13	-	-	0.5	1.8
<b>23/8 1990</b>					
1	50x12	-	0.2	1.8	-
2	30x10	-	0.4	0.5	-
3	+35x15 50x9	-	2.4	1.8	-
<b>26/8 1991</b>					
1	40x15	-	-	1.2	-
2	25x10	9.2	-	-	-
3	80x8	-	-	2.5	0.3




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Hamarsá á Vatnsnesi.






# FJÖLDI




14/8 '88



23/8 '90



26/8 '91



Mynd 2. Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Hamarsá á Vatnsnesi í ágúst 1988, 1990 og 1991. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.